



ÍSÁFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P 130/516
komudagur 8.12.2003

Alþingi
Allsherjarnefnd
150 Reykjavík

,17. nóvember 2003
2003100125
SB/--

Umsögn barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum vegna frumvarps um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og almennum hegningar-lögum (brottvísun og heimsóknarbann). Þskj. 10 – 10. mál.

Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum fagnar framkomnu frumvarpi og telur úrræðið vera þarft og mikilvægt með það í huga í að bæta réttarstöðu brotþola. Barnaverndarnefnd vill þó koma á framfæri nokkrum ábendingum vegna frumvarpsins sem rétt væri að einhverju leyti að taka á í greinargerð með frumvarpinu.

Nefndin telur mikilvægt að tryggt verði að bæði brotþolar og hinir brotlegu fái aðstoð og þjónustu til að vinna sig út úr þeim vanda sem upp er kominn í tilvikum sem þessum og það verði þá ljóst hvaða aðstoð eigi að veita og hver eigi að standa straum að þeim kostnaði, þ.e. hvort það eigi að vera á kostnað ríkis eða sveitarfélags. Vitað er að sú þjónusta sem boðin er einstaklingum sem lenda í erfiðum heimilisaðstæðum er oft mun fjölbreyttari og margþættari á höfuðborgarsvæðinu en út á landsbyggðinni en mikilvægt er að tryggt verði að þeir einstaklingar sem lenda í viðlíkum aðstæðum verði boðin samskonar aðstoð óháð búsetu þeirra. Einnig má velta því fyrir sér hversu viðtæk sú aðstoð ætti að vera sem boðin yrði.

Ekki virðist nægilega ljóst af 4. mgr. 2. gr. frumvarpsins hver eigi að setja fram kröfu um framlengingu til héraðsdómara. Í greininni segir að ef krafa komi frá brotþola skuli henni beint til héraðsdómara. Eðlilegt er að það komi skýrt fram í lögnum hver það er sem eigi að krefjast framlengingar fyrir dómi, brotþoli eða lögregla eftir kröfu brotþola. Ef brotþoli á að standa að slíku er spurning hvort ekki sé rétt að tryggja honum aðstoð við framsetningu á slíkri kröfu og þeim kostnaði er af því hlýst. Því má einnig velta fyrir sér hvort rétt sé að láta þetta í hendur brotþola þar sem miklar líkur eru á því að brotþoli veigri sér við slíku, þar sem um mjög viðkvæmt mál er að ræða.

Mikilvægt er að tryggja aðstæður hins brotlega, þ.e. að hann hafi tryggt athvarf eftir að honum hefur verið vísað af heimili sínu og aðgang að fatnaði og öðrum nauðsynjavörum. Þá vakna spurningar hver eigi að standa straum að hugsanlegum kostnaði er hlýst af hinum brotlega, s.s. vegna húsnæðis eða úrræða sem honum standa til boða.

Nefndin telur einnig brýnt að lögreglumenn sé vel undir þessa ákvæði búnir, þannig að ljóst sé hvernig þeir eigi að taka á málum sem þessum.

Almennt séð telur nefndin að um mikilvæga breytingu á lögunum sé að ræða sem bæti mjög réttarstöðu brotþola í þeim málum sem hér um ræðir.

F.h. barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum



Snjólaug Birgisdóttir, ráðgjafi

Skóla- og fjölskylduskrifstofa Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1

400 Ísafjörður